




# Norðurland North Iceland

MENNING, ÆVINTÝRI OG NÁTTÚRUPERLUR / CULTURE, ADVENTURE AND NATURAL TREASURES



[www.nordurland.is](http://www.nordurland.is)





# Info

Útgefandi/Publisher: Heimur hf., Borgartún 23, 105 Reykjavík.  
 Fyrir/For: Ferðamálasamtök Íslands / The Icelandic Tourism Association.  
 Sími/Tel.: (+ 354) 512-7575. Fax: (+354) 561-8646.  
 Ritstjóri/Editor: María Guðmundsdóttir.  
 Hönnun og umbrot/Design: Erlingur Páll Ingvarsson, Helga Guðný Ásgeirsdóttir.  
 Kortagerð/Map: Sigurgeir Skúlason, @Landmælingar Íslands - L04010008.  
 Prentun/Printing house: Ísafoldarprentsmiðja, Maí / May 2004.  
 Dreifing/Circulation: 20,000.  
 Ljósmyndir/Photographs: Páll Stefánsson.  
 Textahöfundur/Text by: Friðrik Olgeirsson.  
 Textabýðingar/Main foreign texts: Lingua / Norðan Jökuls ehf. / www.islingua.is

**Heimur hf.**  
 Borgartún 23  
 105 Reykjavík  
 www.heimur.is/world




**Ferðamálasamtök Norðurlands**  
 Hafnarstræti 82  
 600 Akureyri  
 www.nordurland.is



## Gagnleg vefköng / Useful links

<p><b>Upplýsingar um Ísland</b>                  ferdalag.is                  nat.is</p> <p><b>Upplýsingar um Norðurland</b>                  nordurland.is                  northwest.is</p> <p><b>Flutningsaðilar til Íslands</b>                  icelandair.com                  icelandexpress.com                  smyril-line.com</p> <p><b>Flutningsaðilar til Norðurlands</b>                  flugfelag.is                  landsflug.is                  sba.is</p> <p><b>Bílaeigur</b>                  alp.is                  avis.is                  bilaleigaakureyrar.is                  hertz.is</p> <p><b>Ferðir um Norðurland</b>                  airiceland.is                  hrisey.is                  myflug.is                  myv.is                  samskip.is                  sba.is</p>	<p><b>Information on Iceland</b>                  visiticeland.com                  nat.is</p> <p><b>Information on North Iceland</b>                  northiceland.is                  northwest.is</p> <p><b>Getting to Iceland</b>                  icelandair.com                  icelandexpress.com                  smyril-line.com</p> <p><b>Getting to North Iceland</b>                  airiceland.is                  landsflug.is                  sba.is</p> <p><b>Car rentals</b>                  alp.is                  avis.is                  hertz.is                  nationalcar.is</p> <p><b>Trips in North Iceland</b>                  airiceland.is                  hrisey.is                  myflug.is                  myv.is                  samskip.is                  sba.is</p>
--	---

Svæðaskipting landshlutanna / Iceland's Regional Tourism Associations.



**Upplýsingar fyrir ferðamenn á Norðurlandi Vestra / Tourist Information in Northwest Iceland**  
 Staðarskáli, sími/tel. 451-1150.  
 Upplýsingagjöf, Hvammstangi, sími/tel. 455-2515.  
 Blönduós, sími/tel. 452-4520.  
 Varmahlíð, sími/tel. 455-6161.  
 Síldarminjasafnið / The Herring Museum, Siglufjörður, sími/tel. 467-1555.

**Upplýsingar fyrir ferðamenn á Norðurlandi Eystra / Tourist Information in Northeast Iceland**  
 Hafnarstræti 82, Akureyri, sími/tel. 462-7733.  
 Húsavíkurstofa, Garðarbraut 5, Húsavík, sími/tel. 464-4300.  
 Verslunin Strax, Mývatnssveit, sími/tel. 464-4390.  
 Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum / Jökulsárgljúfur National Park, sími/tel. 465-2195.




## Menning, ævintýri og náttúruperlur

Norðurland er stór og hrífandi landshluti og þar má finna allt sem gerir Ísland að eftirsóttum stað: menningu og blómlegt mannlíf, óendanlega möguleika til útivistar og afþreyingar, hrífandi náttúru til sjávar og sveita og fleiri náttúruperlur en víðast er að finna. Á vorin bræðir sólin snjóinn og landið klæðist grænum sumarskrúða sínum. Þá er tími úti-veru, ferðalaga og endurnæringar. Sumir skreppa í gönguferðir, sund eða golf. Aðrir velja veiðar, útreiðartúra eða ævintýralegar siglingar á sjó, ám eða vötnum. Um allt Norðurland geta ferðamenn fundið eitt-hvað við sitt hæfi. Boðið er upp á ferðir milli bæja, út í eyjar og inn á hálendið til að skoða fjöll, hver, fossa, jökulár, eldgíga, sérkennilegt landslag og aðrar jarðmyndanir sem móðir náttúra hefur skapað. Ferðir um hálendið eru ógleymanlegar ævintýraferðir. Haustið býður upp á fallega liti og veturnir hafa líka sinn sjarma. Þá eru vetraríþróttir alls ráðandi, norðurljós iða á köldum himni og jafnvel myrkríð getur veitt mönnum innblástur og andagift.

## Culture, Adventure and Natural Treasures

North Iceland is an expansive, enchanting region, where you can find all of Iceland's attractive aspects: culture and a flourishing society, endless opportunities for entertainment and outdoor recreation, picturesque nature in all directions, and more natural sights than almost anywhere else. Spring, when the sun melts the snow and the land takes on the green of summer, is a time of renewal, travel and being outdoors. Some people go walking, swimming or golfing, while others choose fishing, hunting, riding horses, or adventurous trips on the sea, lakes or rivers. All around, something is offered to suit everyone, such as trips to other towns, out to islands, or into the highlands to view mountains, hot springs, waterfalls, glacial rivers, volcanic craters, extraordinary landscape and other geological features. Highland trips are experiences never to be forgotten. The season of autumn brings its marvellous colours, while winter has its own charm, as winter sports take over, the northern lights dance in the cold sky, and the darkness itself provides inspiration and spiritual uplifting.



Viðdalsá

## Veiði

Á Norðurlandi eru margar helstu lax- og silungsveiðiár landsins. Þær eru ferskar og ómengaðar. Í þær gengur lax á vorin og lifir þar við bestu skilyrði. Húnvetnsku og Þingeysku árnar eru eftirsóttar laxveiðiár en í Skagafirði og Eyjafirði eru vinsælar, rómaðar og gjöfugar silungsveiðiár. Á Norðurlandi eru líka fjölmörg vötn, í byggð, inni á milli hárra fjalla og uppi á heiðum, þar sem veiðivon er eins og best verður á kosið: spriklandi bleikja og stinnur urriði. Fátt er unaðslegra en að njóta útivistar í litríkri norðlenskri náttúru, kasta fyrir fisk og endurnærast lífsorku og bjartsýni á lífið og tilveruna. Fyrir þá sem langar út á dimmblátt hafið til veiða er í boði sjóstangaveiði á nokkrum stöðum. Slíkar ferðir eru ávallt eftirminnilegar og holl útivist.

## Angling and Hunting

Many of Iceland's leading salmon and trout streams are located in the North. Fresh and unpolluted, they receive the salmon in summer and provide it with optimal conditions. While the counties named after Húnavatn and Þingey have salmon rivers that are subject to heavy demand, those of Skagafjörður and Eyjafjörður contain productive trout-fishing rivers that are also popular and of high repute. Not to be forgotten are the numerous lakes near lowland farms, among lofty mountains, or up in the highlands, where fishing lakes replete with energetic Arctic char and muscular brown trout provide a dream catch for the fisherman. Not much could provide more delight than standing in the colourful Northern outdoors, casting for fish and tanking up on fresh energy and optimism. Those wishing to fish on the deep-blue ocean can opt for sea angling, with departures from several harbours. Besides the benefits to health of such trips, they always provide lasting memories.



Laxá í Aðaldal



Mývatn

## Ganga og fjöll

Öld eftir öld fór fólk gangandi milli sveita. Til urðu alfaraleiðir innan byggða og milli héraða. Á síðustu árum hafa þessar gömlu leiðir verið kortlagðar. Um þær gengur nú fólk í leit að hollri útivist, hreyfingu og andlegri næringu. Sumar leiðirnar eru stuttar, aðrar lengri og erfiðari. Landslag er mismunandi, náttúran sibreytileg. Möguleikarnir eru óendanlega margir. Gönguleiðir um Húnaþing eru með ströndum fram og til fjalla. Á Spákonufell á Skagaströnd er merkt gönguleið. Rómantísk leið er út í Hrótey í Blöndu og með ánni að ósum hennar. Í Skagafirði eru skemmtilegar gönguleiðir í Austurdal, á Mælifellshnjúk, Tindastól og Glóðafeyki. Einnig eru merktar gönguleiðir í fjallendinu milli Skagafjarðar og Húnavatnssýslu. Stórkostlegar leiðir eru um hrikalegt hálendið milli Siglufjarðar, Héðinsfjarðar, Ólafsfjarðar og Dalvíkur. Kjarnaskógur á Akureyri er rómað útivistarland og ferðir út í Fjörður eru óviðjafnanlegar. Gönguleiðir í Jökulsárgljúfrum eru öllum áskoron og Langanes hefur upp á fleira að bjóða en flesta grunar.



Drangey

Námaskarð

Mývatn

## Walking and the Mountains

North Iceland has numerous age-old trails, of which many have in recent years been mapped. The landscape, length and difficulty varies, so that the possibilities are endless. In Húnavatn county, walking routes lie both along the sea and into the mountains. At Skagaströnd there is a marked path onto the mountain of Spákonufell. For a romantic walk, try going onto the island of Hrótey in the glacial river Blanda, then following the river to its mouth. Skagafjörður offers pleasant routes into Austurdalur valley and onto the peaks of Mælifellshnjúkur, Tindastóll and Glóðafeykir, in addition to marked trails through the mountainous terrain between the counties of Skagafjörður and Húnavatn. Passing rugged higher ground, spectacular routes connect Siglufjörður, Héðinsfjörður, Ólafsfjörður and Dalvík. Just beside Akureyri, the Kjarni woods are known as an outdoor paradise, and trips into Fjörður are incomparable. Anyone would feel challenged by the paths at Jökulsárgljúfur, while Langanes has attractions few walkers today have ever seen.




## Hesturinn og stóðréttir ▼

Hestamennska er Norðlendingum í blóð borin. Hestaeign er mikil meðal þéttbýlisbúa og til sveita er hún almenn. Hvarvetna eru hestaleigur þar sem í boði eru útreiðartúrar. Tilvalið er fyrir ferðamenn að bregða sér á hestbak. Hvernig sem viðrar má hafa ánægju af útivist á hinum smávaxna en harðgerða íslenska hesti sem alla heillar. Það er engin tilviljun að hann var kallaður þarfasti þjónninn í veglausu landi. Reiðleiðirnar liggja meðfram ströndum, til fjalla og um fornar söguslóðir. Útivist á hestbaki í ósnortinni norðlenskri náttúru er heillandi og eftirminnileg. Og það er ekki minna ævintýri að upplifa stóðréttirnar þar sem eigendur vitja útigangshesta sinna. Þá er gaman að sitja á réttarveggnum og fylgjast með. Það er líf í tuskunum, gleði skín úr hverju andliti og söngur ómar. Víða á Norðurlandi standa ferðamönnum til boða sérstakar sýningar þar sem íslenski hesturinn er kynntur og viðburðum sem tengjast hestamennsku fjölgar sífelld.

## Horses and Roundups ▼

Horsemanship is born into the people of the North. In the countryside, most people have horses, and a great many do even in the towns. Everywhere there are horse rentals offering riding trips, so trying out the small but very strong Icelandic horse is no problem at all. Everyone will enjoy it, regardless of the weather. It is not surprising that these horses were called man's most necessary servant, considering the total lack of roads in former times. Leading through the untouched, charming nature of North Iceland, riding trails follow the coast, wind into the scenic mountains, or revive the use of age-old trails with varied history. Experiencing an autumn roundup by the owners of free-ranging horses is no less of an adventure. Sitting on the corral fence and watching the action, you will see excitement, hear singing, and find happiness in every face. Many places in North Iceland have special exhibitions that introduce travellers to the Icelandic horse, and events related to riding and raising horses are always on the increase.






Siglufjörður

## Menning

Norðlendingar eru stoltir af sögu sinni og menningu. Þar er söguvið margra þekktustu fornsagnanna og þar voru þær skráðar. Hólar í Hjaltadal voru biskupssetur og annað höfuðmenningarsetur landsins í sjö aldir og með sanni má kalla staðinn ættaróðal allra landsmanna. Í Svarfaðardal gróf Kristján Eldjárn upp kumplateig fyrir hálfri öld og enn er víða verið að vinna að fornleifarannsóknum sem varpa ljósi á merka sögu. Um allt Norðurland eru gamlar byggingar, kirkjur og söfn sem tengja okkur við fortíðina. Elsta timburhús landsins, Hillebrandtshúsið, er á Blönduósi. Á Hólum er ein elsta steinkirkja landsins og meðal markverðustu safnanna eru Glaumbær í Skagafirði, Minjasafnið á Akureyri og söfnin í Listagilinu, m.a. Listasafnið á Akureyri sem vakið hefur heimsathygli, og Byggðasafnið á Grenjaðarstað, auk fjölda annarra. Af yngri söfnum sem vakið hafa sérstaka athygli má nefna Vesturfasetrið á Hofsósi, Síldarminjasafnið á Siglufirði, Heimilisiðnaðarsafnið á Blönduósi og Hvalasafnið á Húsavík. Finndu angan fortíðarinnar og menningar á ferð um Norðurland.



Hvalasafnið Húsavík



Hofsós



Akureyri

## Culture

Many of the best-known Icelandic sagas occurred and were even written down in North Iceland. Hólar, home to one of the country's oldest rock churches, was for seven centuries the seat of one of Iceland's two bishops and thereby one of the country's two educational centres. Today, archaeologists are investigating remains at many sites in the North to cast more light on the region's remarkable history. In every area, there are old buildings, churches and museums connecting the present with the past; in fact, Iceland's oldest wooden building, Hillebrandtshúsið, is at Blönduós. Just a few of the region's most significant museums are Glaumbær in Skagafjörður, the Folk Museum at Grenjaðarstaður, Akureyri Museum and the Akureyri Arts Centre, which includes the internationally renowned Akureyri Art Museum. Newer museums that have already attracted special attention are the Icelandic Emigration Centre at Hofsósi, the Herring Era Museum at Siglufjörður, the Textile Museum at Blönduós, and the Whale Museum at Húsavík, to name but a few. Come to North Iceland and feel the breath of its history and culture.



*Comfort, Rest and Relaxation*



**KEA HOTELS**  
ICELAND

Kea Hotels welcome you to Iceland. We invite you to share with us all the best of what our country has to offer. Our six hotels are in key locations, granting you a full access to the most attractive places in Iceland. Situated in Reykjavík, Akureyri and by Lake Mývatn, Kea Hotels are joined in a mutual booking system, providing our clients with professional and efficient service. Computers with high speed internet connections are available to our guests in all our hotels. Ranging from two up to four stars, our hotels are all fully equipped with hospitality and friendliness.



Headoffice: Hafnarstræti 87-89, 600 Akureyri, Iceland  
Tel: +354 460 2000 · fax: +354 460 2060  
e-mail: keahotels@keahotels.is  
www.keahotels.is



Hotel Borg ★★★★★  
Pósthússtræti 11  
101 Reykjavík,  
ICELAND  
Tel: +354 551 1440  
Fax: +354 551 1420  
e-mail: hotelborg@hotelborg.is  
www.hotelborg.is



Hotel Björk ★★★  
Brautarholt 22-24  
105 Reykjavík,  
ICELAND  
Tel: +354 511 3777  
Fax: +354 511 3776  
e-mail: bjork@keahotels.is  
www.keahotels.is



Hotel Kea ★★★★★  
Hafnarstræti 87-89  
600 Akureyri  
ICELAND  
Tel: +354 460 2000  
Fax: +354 460 2060  
e-mail: kea@keahotels.is  
www.keahotels.is



Hotel Harpa ★★  
Hafnarstræti 83-85  
600 Akureyri  
ICELAND  
Tel: +354 460 2000  
Fax: +354 460 2060  
e-mail: harpa@keahotels.is  
www.keahotels.is



Hotel Nordurland ★★★  
Geislagata 7, 600 Akureyri  
ICELAND  
Tel: +354 462 2600  
Fax: +354 462 2601  
e-mail: nordurland@keahotels.is  
www.keahotels.is



Hotel Gígur ★★  
Skútustadir  
660 Mývatn  
ICELAND  
Tel: +354 464 4455  
Fax: +354 464 4279  
e-mail: gigur@keahotels.is  
www.keahotels.is

# Blönduós

TEXTILE MUSEUM, HRÚTEY ISLAND, FISHING, GOLF AND RIDING TOURS

- WE LOOK FORWARD TO SEE YOU -



At **Árbakki** Húnabraut 2. Coffeehouse in the heart of town. Friendly, personal service. First-class refreshments.  
Tel. 452 4678. arbakkinn@islandia.is | www.islandia.is/arbakkinn



**Skálinn**, Kiosk.  
Great rest stop in Blönduós.  
Tel. 455 9050.

**Tourist Information Centre and Blönduós Camp Site**  
First-class camp site. Tel. 452 4520.  
infoblonduos@northwest.is | www.northwest.is

**Hillebrandtshús**, the oldest timber houses in Iceland.

**Blönduós Swimming Pool**, at Húnabraut.  
Open Mon.-Fri. 08-21 and 09-17 on weekends.  
Tel. 452 4451.



**Blönduvirkjun Power Station.**



**Gladheimar.**

Accommodation in Blönduós. Well equipped summer houses, together able to accommodate up to 40 people. Sauna baths and hot pots. Guest house at Blöndubýggð: good facilities and a beautiful view.  
Tel. 452 4403 | 452 4913 | 898 1832.  
Fax 452 4913.  
gladheimar@simnet.is  
www.hotelblondos.is



**Hótel Edda**, at Húnaveilir.  
Enjoy a relaxing rest with us. Swimming pool with hot pot. Dining facilities for large groups.  
Tel. 452 4370 | 444 4000. edda@hoteledda.is



**Textile Museum.**

Open from 1 June to 31 August daily from 10-17.  
Info: Tel. 452 4067 | 452 4520

HEIMUR HE





Jarðböðin við Mývatn / Mývatn Nature Baths



## ▼ Náttúruböð, laugar og sund

Eftir erfiðar gönguferðir eða aðra holla útivist í norðlenskri náttúru er ekkert betra en að slappa af í heitu vatni og finna hvernig þreytan líður burt úr líkamanum. Sundlaugar með heitu vatni úr iðrum jarðar eru í öllum bæjum og einnig víða til sveita. Stærstu laugarnar bjóða upp á margar sundbrautir, misheita potta, vatnsúðara og sauna. Litlu laugarnar hafa líka sína töfra og endurnæra sál og líkama. Á nokkrum stöðum hefur norðlensk náttúra sjálf búið til sannkölluð náttúruböð þar sem ferðamenn geta baðað sig úti í guðsgrænni náttúrunni undir heiðum himni. Það er t.d. hægt á Hveravöllum og Grettislaug er hlaðin úr grjóti við sjávarmál í Glerhallavík á Reykjaströnd í Skagafirði. Við Laugafell á Laugafellsöræfum hefur Ferðafélag Akureyrar byggt upp laug. Og ekki má gleyma Jarðböðunum í Mývatnssveit. Þar er upplagt að slaka á í gufu, heitum potti eða liggja í lóninu sjálfu.

## ▼ Natural pools, Springs and Swimming

After a demanding hike or other healthy activity in the nature of the North, there is nothing better than relaxing in warm water and feeling the exhaustion flow out of your body. Geothermally-heated swimming pools are found in every town and even at many rural spots, with the major ones offering several swimming lanes, hot tubs of different temperatures, pool fountains and a sauna. On the other hand, small pools also have their individual charm and certainly renew one's body and soul. In a few locations, the North Iceland environment has provided a truly natural bath, where the traveller can enjoy the water in the middle of expansive scenery, under the open sky. Examples of this are Hveravellir and, just north of Sauðárkrókur, the seaside pool made of rock and associated with the saga hero Grettir. At Laugafell, near the glacier Hofsjökull, Akureyri Touring Club has constructed an outdoor pool. Nor are the Mývatn Nature Baths to be forgotten – a must for relaxing in the comfort of steam, a hot tub or the warm lagoon itself.



Eyjafjörður

## Vetrarafþreying ▾

Norðurland hefur verið kallað land vetrarævintýranna. Þar eru átta skíðasvæði, þar af sjö með togbrautum og lyftum. Aðstaðan í Hlíðarfjalli á Akureyri er landsfræg en líka eru frábær skíðalönd á Sauðárkróki, Siglufirði, Ólafsfirði, Dalvík og Húsavík. Við Kröflu er enn fremur lítil togbraut. Víðast eru snjósleðaleigur og sums staðar eru í boði ferðir á gönguskíðum, t.d. frá Ólafsfirði til Héðinsfjarðar. Á Grenivík er farið með skíðafólk upp á Kaldbak með troðara og í Mývatnssveit er hægt að leigja vélsleða og gönguskíði eða kaupa aðgang að Vetrargarðinum þar sem í boði eru Go-kart bílar, keila, blak og krikket á ís. Útsýni frá skíðalöndunum er mikið og fagurt og norðurljós sjást oft hátt á himni þegar bjart er og kalt. Tilvalið er að nota frí um jól og áramót til hressandi og endurnærandi útivistar í faðmi hárra, hvítra fjalla. Skammdeginu fylgir myrkur og þá koma Norðlendingar saman á þorrablótum og fagna að senn fari sól að hækka á lofti.

## ▾ Winter Recreation

With its numerous skiing areas, it is not surprising that North Iceland has been called the land of winter adventure. In addition to Akureyri's Hlíðarfjall, known throughout Iceland, there are first-class skiing areas at Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík and Húsavík, as well as a short slope at Krafla. Snow scooters are rented out at a number of places, and trips on cross-country skis are offered for instance from Ólafsfjörður to Héðinsfjörður. From Grenivík, skiers are taken up the mountain by a snow packer, while at Mývatn you can hire a snow scooter and cross-country skis or enjoy the sports options in the Arctic Garden on the lake ice. North Iceland's skiing slopes provide fabulous views, not to mention the northern lights. What could be more enjoyable than spending Christmas and New Year refreshing oneself in the embrace of towering, snow-clad mountains? The nights become long and dark, so people take advantage of them through the þorrablót feasts of mid-winter.

HÚSAVÍK  
ICELAND

### Pioneers in Whale Watching 1995-2005

North Sailing has for the past 10 years played a leading role in the whale watching industry in Iceland.

With its great experience, highly qualified staff and excellent facilities, it provides an outstanding service to its customers.

With sightings in around 98% of its trips, Húsvík really is what it claims to be, the whale watching capital of Europe.

For further information and bookings please contact us.  
info@northsailing.is  
or tel: +354 464 2350

**North Sailing HÚSAVÍK**

[www.northsailing.is](http://www.northsailing.is)  
book online

## Chilling excitement

Discover the **many faces** of Iceland

Fly with us for **action-packed** day tours

**AIR ICELAND**  
Flugfélag Íslands



**HÚNAÞING VESTRA**  
- CENTRE OF THE NORTHWEST -

HEIMUR HF.



[www.northwest.is](http://www.northwest.is)

### WE ARE ALWAYS NEARBY

Goðafoss

**hotel edda**

- 2 and 3 star hotels
- Restaurants in all hotels
- Swimming pools and golf courses always close by
- Friendly service
- Rates from ISK 3,400 per night

15 HOTELS AROUND ICELAND

For further information: [www.hoteledda.is](http://www.hoteledda.is) | Tel. 444 4000

1 MÍ Laugarvatn • 2 ÍKÍ Laugarvatn • 3 Skógar • 4 Vík í Mýrdal • 5 Nesjaskóli • 6 Neskaupstaður • 7 Egilsstaðir  
8 Einar • 9 Stórujarðir • 10 Akureyri • 11 Húnavellir • 12 Laugarbakki • 13 Ísafjörður • 14 Laugar • 15 Hellissandur

### ICELAND'S PREMIER HOTEL CHAIN

- Quality accommodation
- First class restaurants
- Well situated all around Iceland
- Comfort and relaxation

Tel. 444 4000

**IH**  
ICELANDAIRHOTELS

Nordica | Loftleiðir | Flughótel | Hamar | Flúðir | Rangá | Klaustur | Hérað [www.icehotels.is](http://www.icehotels.is)



GRÍMSEY

HÚNAFLÓI

SKAGA-FJÖRDUR

EYJA-FJÖRDUR

SKJÁLFAÐI

ÓXARFJÖRDUR

ÞISTILFJÖRDUR

BAKKAFLÓI

SKAGI

TRÖLLASKAGI

AKUREYRI

ÓDÁDAHRAUN

SMJÖRVATNSHEIDI

BLÖNDUÓS

VARMALÍÐ

REYKJAHÍÐ

EGILSSTAÐIR

ARNARVATNSHEIDI

SPRENGISANDUR

MIYVAÐSÞORPI

FLJÓTYDALSHÉIÐI

GRIMTUNGUSHÉIÐI

AUDKÚLUNHEIDI

EYVINDARSTADANEIÐI

HOFSJÖKULL

DYNDUJÖKULL

SKRPELL

ÞRÁNDARJÖKULL





## Vor og haust

Á vorin vaknar náttúran af vetrardvala. Gróður fer að vaxa og tún verða græn. Bændur huga að nýbornum ám og litlum lömbum, trillukarlar mála báta sína. Lax gengur í árnar og farfuglar snúa heim í grænkandi norðlenska gróðurhaga. Það er létt yfir fólki, sumarfötin eru tekin fram og margir fyllast ferðahug. Suma langar að sigla um spegilsléttan sjóinn, aðra langar á fjöll eða í útreiðartúr. Haustið hefur líka sína töfra. Tignarlegir litir og kyrrðin hafa áhrif á alla sem fara um Norðurland á þeim árstíma. Fé kemur af fjalli og fólk fjölmennir í réttirnar, dregur í dilka, syngur og nýtur lífsins. Fastur liður hjá mörgum er að fara í berjamó, tína ber í sultu og saft og njóta útivistar. Ferðamenn eru velkomnir til að fagna norðlensku hausti og september er tilvalinn ferðamánuður. Þegar vetri tekur að halla eru haldnar margar menningarhátíðir og ber þar hæst margs konar tónlistarviðburði.

## Spring and Autumn

Springtime wakes nature from its winter sleep. Plants begin to grow and the meadows turn green, as salmon head up the rivers and birds migrate back to their North Iceland nesting grounds. Farmers watch over ewes giving birth and nursing their lambs, and fishermen fix up their boats. People feel brighter, get out their summer clothes and generally think of travel, whether it means a boat trip on the sea, a hike into the mountain range, or a tour on horseback. As the sheep return from the mountains, people gather at roundups to help the farmers sort them, with everyone singing and enjoying themselves the whole time. Another item on the season's agenda is picking berries for jelly, jam or juice, or for the sheer pleasure of it. As winter draws on, cultural presentations are frequent, particularly a wide assortment of musical events.



Hrífandi náttúra er við hvert fótímal, ógleymanleg ævintýri á næsta leiti. Þitt er að velja. Hægt er að aka meðfram ströndinni og kynnast lífinu í sjávarbyggðunum. Margir nota tækifærið og bregða sér í eyjasiglingar til mannlífs- og náttúruskoðunar. Fyrir þá sem vilja meiri spennu og hraða eru fljótasiglingar á Austari og Vestari Jökulsám í Skagafirði í boði. Á eftir er slakað á í heitum pottum og farið yfir ævintýri dagsins. Frá Raufarhöfn er hægt að fara í kajak- og kanósíglingar. Óbyggðirnar kalla. Hikaðu ekki við að sinna kallinu. Hvarvetna er ósnortin náttúra, hálendi Íslands í öllu sínu veldi. Ekið er um Blöndudal til að komast á Kjalveg og áfram á Hveravelli þar sem Fjalla-Eyvindur hélt til. Í boði eru ferðir að Herðubreið, Öskju og í Hvannalindir svo aðeins fáir hálendisgullmolar séu nefndir. Sannkallaðar ævintýraferðir um fjöll og firnindi sem enginn gleymir.

## ◀ Ævintýri



Goðafoss

## Adventures ▶

No matter which way you turn, unforgettable adventures are waiting right around the corner – you just have to choose. By travelling along the coast, you will get to know life in the fishing villages and have opportunities for trips to islands off the North coast, for viewing nature or island life. Those who want still more excitement and speed can select glacier river rides on Skagafjörður's Austari Jökulsá or Vestari Jökulsá, followed by relaxation in a hot tub with fellow travellers to talk about the day's thrills. Raufarhöfn offers kayak and canoe trips, while in the other direction the highlands beckon. Do not hesitate to answer their call, so as not to miss the grandeur of untouched nature stretching to the horizon: Iceland's great highlands. One route passes through Blöndudalur and crosses Kjölur to South Iceland, via the warm springs of Hveravellir, once home to an outlaw. Especially worth mentioning are the tours to Herðubreið, Askja and Hvannalindir. Trips to such jewels of the Icelandic highlands are sure to be an unforgettable experience.



Húsavík / Photo by North Sailing/H.Harðarson



## ▼ Dýralífsskoðun

Dýra- og plöntulíf er fjölbreytt á Norðurlandi og allir náttúruskoðendur geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Í friðlýstri Hindisvík á Vatnsnesi eru mikil selalátur og selirnir eru óvenju spakir. Bæði er hægt að skoða þá frá landi og á kajökum. Fjölbreytt fuglalíf er á Skaga. Upplagt er að sameina eyjasiglingar um Skagafjörð og fuglaskoðun í Drangey og Málmey. Einnig má sameina siglingu um Eyjafjörð og skoðun á villtum dýrum. Fjöldi sjófugla er í Hrísey og í Grímsey eru heimkynni gargandi bjargfuglsins. Húsavík er miðstöð hvalaskoðunar við Ísland og þar er hvalasafn. Einnig er hægt að komast í hvalaskoðunarferðir frá Dalvík. Svarfaðardalur er þekktur fyrir fjölbreytt fuglalíf. Það sama er að segja um Mývatn og hvergi er betra að skoða endur en þar. Á Melrakkaslétta eru heimkynni refsins og á Langanesi er ein mesta súlubyggð landsins. Staldráðu að lokum við í fjöru. Þar er iðandi líf og seiðandi brim.

## ▼ Wildlife


The richly varied fauna of North Iceland, not to mention the flora, provides every nature lover with sights that please. Hindisvík on Vatnsnes is a major seal breeding ground, where the protected seals are so unusually tame that it is easy to observe them from land or a kayak. Skagi presents a large variety of birds, while farther to the east a good option is to combine island tours of Skagafjörður with birdwatching at Drangey and Málmey. In the same way, boat rides in Eyjafjörður combine conveniently with viewing the wildlife there. Multitudes of seabirds nesting in the cliffs make Hrísey and Grímsey their island homes. While Húsavík has the Whale Museum and is the centre for whale watching from Icelandic shores, Dalvík also offers excellent whale-spotting excursions. There, the valley of Svarfaðardalur is furthermore renowned for its varied birdlife. This can also be said of Mývatn; in fact, the world offers no better place for spotting ducks. Melrakkaslétta is reputed to be the terrain of the Arctic fox, while Langanes parades one of Iceland's main nesting sites for the gannet. Take time for an unstressed stop by the sea, where life and the breakers are endless.



Eyjafjörður

## Náttúruperlur ▼

Á Norðurlandi eru fjölmargar náttúruperlur sem laða til sín fólk á öllum aldri. Við vestanverðan Húna fjörð stendur klettdrangurinn Hvítserkur en uppi á hálendinu, norðan undir Kjalhrauni, eru litríkir Hveravellir, eitt af stærstu hverasvæðum landsins. Á Skagafirði eru þjóðsagnaeyjarnar Málmey og Drangey en Eyfirðingar státa af tignarlegum fjöllum og búsældarlegri sveit en víðast er að finna. Í Þingeyjarsýslum er náttúran allt í senn hrjúf, mild og hrifandi. Margt ber fyrir augu, nánast hvergi er fleiri meistaraverk móður náttúru að finna. Þar eru fossarnir Goðafoss og Dettifoss, sá seinni aflmesti foss Evrópu. Neðan hans eru Jökulsárgljúfur, ein hrikalegustu árgljúfur landsins. Norðar eru Hljóðaklettur og Ásbyrgi, dulmögnuð hamrakvos sem Jökulsá bjó til. Suður í Dyngju fjöllum er Askja, sporöskjulaga sigdæld og eldstöð. Við Mývatn og í samnefndri sveit er rómuð náttúrufegurð og þar eru Dimmuborgir sem eru heill undraheimur út af fyrir sig.



## ▼ Natural Treasures

North Iceland nature attracts people of all ages. In Húna fjörður, the rock arch of Hvítserkur towers just off shore; far to the south, Hveravellir adds colour to the highlands with one of the country's largest geothermal fields. The islands of Málmey and Drangey exude folklore, while the people of Eyjafjörður boast of their magnificent mountains and prosperous farms. The two Þingey counties present nature that is so diverse and has so many sights, you would be hard put to find more natural masterpieces elsewhere. Take, for example, the waterfalls of Goðafoss and Dettifoss, the latter Europe's mightiest. Downstream from Dettifoss, explore Jökulsárgljúfur, one of the country's most awe-inspiring canyons, and view the Hljóðaklettur formations and Ásbyrgi, shaped by the rushing waters of the Jökulsá. Far to the south, Askja epitomises calderas and volcanoes. Mývatn and its entire environs are world-famous for their beauty, including the wondrous cliffs of Dimmuborgir.

# Öll lífsins gæði!

Akureyri er miðstöð þjónustu, menningar og afþreyingar á Norðurlandi.

Í bænum búa um 16.500 manns og er hann sá langfjölmennasti utan höfuðborgarsvæðisins.

Frá Akureyri er stutt í margar helstu náttúruperlur landsins og bærinn sjálfur er vinsæll áfangastaður ferðamanna til lengri eða skemmri dvalar.

Fjölbreyttir möguleikar til útiveru og skemmtunar standa til boða. Mörg merkileg söfn eru í bænum, Sundlaug Akureyrar er ein sú vinsælasta á landinu og gisti- og veitingastaðir eru af öllum gerðum og stærðum.

*Akureyri tekur vel á móti gestum sínum.*

*Þar hefur þú öll lífsins gæði innan seilingar.*



Supplifðu


ISLAND • SÆKJUM ÞAÐ HEIM



[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)

Hafnarstræti 82 • 600 Akureyri • Iceland • Sími 462 7733

# Húsavík



## Centre for Leisure & Pleasure

Húsavík is a town of fisheries and service industries set in the beautiful environment of Skjálfandíflói Bay. Húsavík has a unique Whale Museum and is leading in whale watching from Icelandic shores. Folk, Natural History, Maritime, Phallogical, Transportation, and Fossil Museums are worth a visit in or on the way to Húsavík. In the vicinity the main attractions are Lake Mývatn, the waterfalls Goðafoss and Dettifoss, The Jökulsárgljúfur National Park with Hljóðaklettar and Ásbyrgi. Húsavík is the service centre of Þingeyjarsýsla counties, accommodating a general hospital, a pharmacy, shops and a variety of restaurants.

## Miðpunktur afþreyingar & ánægju

Húsavík er sjávar- og þjónustubær í fögru umhverfi Skjálfandíflóa. Húsavík býr yfir einstöku Hvalasafni og hefur verið kölluð höfuðborg hvalaskoðunar í Evrópu. Söfn eins og byggða-, náttúrugripa-, sjóminja-, reða-, samgönguminja- og steingervinga söfn er að finna á leiðinni eða á Húsavík. Náttúruperlur í héraðinu eru Mývatn, fossarnir Goðafoss og Dettifoss og Þjóðgarðurinn í Jökulsárgljúfrum sem skartar Hljóðaklettum og Ásbyrgi. Á Húsavík er að finna alla almenna þjónustu s.s. sjúkrahús, apótek, verslanir og veitingastaði auk sundlaugar, heilsulaugar og stuttra gönguleiða fyrir alla fjölskylduna.

Húsavíkurstofa, Garðarsbraut 5 - s. 464 4300 - [info@husavik.is](mailto:info@husavik.is)



Siglufjörður



Húsavík

## Bæjahopp ▾

Mannlíf og atvinnulíf er með ýmsu móti. Til sveita er stundaður búskapur en í bæjum skipta fiskveiðar, iðnaður, verslun og ýmis þjónusta mestu máli. Hver bær hefur sín sérkenni en öllum er sameiginlegt að taka vel á móti gestum. Auðvelt er að fá mat og gistingu og möguleikar til útivistar og afþreyingar eru alls staðar fyrir hendi. Skoðunarferðir um bæina eru því bæði skemmtilegar og fræðandi. Akureyri er höfuðstaður Norðurlands og þaðan er hægt að fara í langar og stuttar ferðir. Stutt er austur til Húsavíkur og út Eyjafjörð til Dalvíkur, Ólafsfjarðar og Siglufjarðar þar sem fólk býr inn á milli hárra fjalla. Einnig er upplagt að skreppa til Sauðárkróks og bæjanna í Húnaþingi. Hvarvetna er líf og fjör og fólk gerir sér glaðan dag: Akureyringar halda Halló Akureyri, Fiskidagurinn mikli er á Dalvík, Berjadagar í Ólafsfirði, Þjóðlagahátíð á Siglufirði, Mærudagar á Húsavík og Skagfirðingar halda sína Sæluviku.

## ▾ North Iceland Towns

Society and the economy have many faces. Whereas agriculture is the mainstay of rural areas, the towns depend upon fishing, industry, trade and a range of services, with each village having its own characteristics – though all proving hospitable hosts. The availability of food, accommodation and recreation at every stop makes hopping between the villages informative and fun. From the capital of North Iceland, Akureyri, it is only a short journey to Húsavík or to Dalvík, Ólafsfjörður and Siglufjörður, whose communities hug the mountains. Nor is it much farther to Sauðárkrókur and the villages in the Húnavatn counties. In every case, the residents are lively and ready to celebrate. The citizens of Akureyri offer entertainment through their Family Festival, Dalvík puts on the Great Day of Fish, Ólafsfjörður has its Music Festival, Húsavík the Pier Festival, Siglufjörður its Folk Music Festival, and Skagafjörður a Culture and Arts Festival.



Undirstaða vellíðunar og langlífis er holl útvíst og góð hreyfing. Golf hefur átt sívaxandi vinsældum að fagna. Með þeirri íþrótt má sameina skemmtilegt sport, útvíst og hreyfingu. Á síðustu árum hafa Norðlendingar kappkostað að útbúa sem flesta frambærilega golfvelli og nú er svo komið að í bði eru níu holu vellir, Krossdalsvöllur í Reykjahlíð, Vatnahverfisvöllur á Blönduósi, Háagerðisvöllur á Skagaströnd, Hlíðarendavöllur á Sauðárkróki, Hólsvöllur á Siglufirði, Skeggjabrekkuvöllur í Ólafsfirði, Arnarholtsvöllur á Dalvík, Þverárvöllur og Leifsstaðavöllur í Eyjafirði og Katlavöllur á Húsavík. Á Akureyri er Jaðarsvöllur sem er 18 holu völlum, nyrsti golfvöllur heims í fullri stærð. Auk þess eru púttvöllir á Leifsstöðum og Kópaskeri. Fjöldmörg mót eru haldin og ber þar hæst Arctic Open mótið á Jaðarsvelli í miðnætursólinni í kringum Jónsmessuna. Komdu, leiktu golf og liðkaðu limina.

◀ Golf



Golf ▶

The basis of well-being and a long life is getting outdoors and exercising. The popularity of golf has been rising steadily, as golfers manage to blend the enjoyment of sport, being outdoors, and exercising. The people of the North have worked hard to build as many high-standard golf courses as possible, so that now nine-hole courses are common, being offered at Reykjahlíð, Blönduós, Skagaströnd, Sauðárkrókur, Siglufjörður, Ólafsfjörður, Dalvík, Húsavík and two locations in Eyjafjörður. Finally, Akureyri has an eighteen-hole course – the most northerly full-sized course in the world – and there are putting greens at Leifsstaðir and Kópasker. There are a number of competitions, of which the outstanding Arctic Open at Akureyri occurs under the midnight sun around the summer solstice. Come to the North and loosen your limbs by golfing as you please.

## Nærsvæði Locations near North Iceland



Snæfellsnes



Hólmavík



Sænahúsið



## SÖFN - MUSEUMS

1. Heimilisiðnaðarsafn Blönduósi, Halldórustofa.  
[The Handcraft Museum Blönduós]  
Sími/Tel. 452-4067 – [www.simnet.is/textile](http://www.simnet.is/textile)
2. Glaumbær, Skagafirði, Varmahlíð  
[The Skagafjörður Regional Museum Glaumbær]  
Sími/Tel. 453-6173 – [www.krokur.is/glaumb](http://www.krokur.is/glaumb)
3. Vesturfarasetrið, Hofsós  
[The Icelandic Emigration Center]  
Sími/Tel. 453-7935 – [www.vestur.is](http://www.vestur.is)
4. Síldarminjasafnið, Siglufjörður  
[The Herring Era museum]  
Sími/Tel. 467-1604 – [www.siglo.is/herring](http://www.siglo.is/herring)
5. Byggðasafn Húnavetninga og Strandamanna, Reykir, Staður.  
[Reykir Regional Museum]  
Sími/Tel. 451-0040 / 860-5970  
[www.simnet.is/ofeigur](http://www.simnet.is/ofeigur)
6. Verslunarminjasafn, Hvammstangi  
[Mercantile museum Hvammstangi]  
Brekkgata 4, 530 Hvammstangi  
Sími/Tel. 451-2405.
7. Náttúrugripasafn Ólafsfjarðar, Ólafsfjörður  
[Museum of Natural History]  
Sími/Tel. 848-4071  
[www.olafsfjordur.is](http://www.olafsfjordur.is)
8. Byggðasafn Dalvíkur, Dalvík  
[Local Folk Museum]  
Safnahúsið Hvoli,  
Sími/Tel. 466-1497  
[www.dalvik.is](http://www.dalvik.is)
9. Minjasafn Akureyrar, Akureyri  
[Akureyri Museum]  
Sími/Tel. 462-4162  
[www.akmus.is](http://www.akmus.is)
10. Listasafn Akureyrar, Akureyri  
[Akureyri Art Museum]  
Sími/Tel. 461-2610  
[www listasafn.akureyri.is](http://www listasafn.akureyri.is)
11. Nonnasafn, Akureyri  
[Nonni's House Museum]  
Sími/Tel. 462-3555  
[www.nonni.is](http://www.nonni.is)
12. Davíðshús, Akureyri  
[David's House Museum]  
Sími/Tel. 462-6648  
[www.skaldhus.akureyri.is](http://www.skaldhus.akureyri.is)
13. Sigurhæðir, Akureyri  
[Sigurhæðir Museum]  
Sími/Tel. 462-6648  
[www.skaldhus.akureyri.is](http://www.skaldhus.akureyri.is)
14. Iðnaðarsafnið, Akureyri  
[Industry Museum]  
Sími/Tel. 897-0206  
[www.akureyri.is](http://www.akureyri.is)
15. Flugsafnið, Akureyri  
[The Aviation Museum]  
Sími/Tel. 863-2835  
[www.flugsafn.is](http://www.flugsafn.is)
16. Smámunasafn Sverris Hermannssonar, Eyjafjörður  
[Sverrir Hermannsson's Small Exhibits]  
Sími/Tel. 463-1261
17. Safnasafnið, Svalbarðsströnd, Eyjafjörður  
[Safnasafnið Art Museum]  
Sími/Tel. 461-4066  
[www.eyjafjordur.is](http://www.eyjafjordur.is)
18. Laufás, Eyjafjörður  
[Laufás Farm]  
Sími/Tel. 463-3196  
[www.akmus.is](http://www.akmus.is)
19. Samgönguminjasafnið, Ystafell, Húsavík  
[The Transportation Museum]  
Sími/Tel. 464-3133 – [www.ystafell.is](http://www.ystafell.is)
20. Byggðasafn Suður-Pingeyinga, Grenjadarstaður, Húsavík,  
[Grenjadarstaður - The Old Farmhouse]  
Sími/Tel. 464 3688 – [www.husmus.is](http://www.husmus.is)
21. Hvalamiðstöðin, Húsavík,  
[The Whale Museum]  
Sími/Tel. 464-2520 – [www.icewhale.is](http://www.icewhale.is)
22. Safnahúsið, Húsavík,  
[Húsavík Museum Folk-, Natural History-  
and Maritime Museums, Archives]  
Sími/Tel. 464-1860 – [www.husmus.is](http://www.husmus.is)
23. Reðurstofa Íslands, Húsavík  
[The Icelandic Phallogical Museum]  
Sími/Tel. 561 6663 – [www.phallus.is](http://www.phallus.is)
24. Steingervingasafnið, Hallbjarnarstaðir, Húsavík  
[Hallbjarnarstaðir Fossil Museum]  
Sími/Tel. 464-1968
25. Minjasafnið Mánárbakka, Tjörnes, Húsavík,  
[Museum at Mánárkalli]  
Sími/Tel. 464-1957
26. Fuglasafn Sigurgeirs, Mývatnssveit,  
[Bird Museum at Mývatn]  
Sími/Tel. 856-1163 - [www.fuglasafn.nett.is/](http://www.fuglasafn.nett.is/)
27. Bóka- og byggðasafn Norður-Pingeyinga,  
Snartarstaðir, Kópasker  
[Library and Folk Museum]  
Sími/Tel. 465-2171 – [www.islandia.is/boknord/](http://www.islandia.is/boknord/)
28. Sauðaneshús, Þórshöfn  
[Sauðaneshús Folk Museum]  
Sími/Tel. 468-1430 – [www.thorshofn.is](http://www.thorshofn.is)

